

# 343. - Stjórnarfundur LEB 4. júní 2021

kl. 12.00 – 13.30

Fundurinn haldinn í Ármúla 6

## Mættir:

**Aðalstjórn** - Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

**Varastjórn** - Ásgerður Pálsdóttir, Ingólfur Hrólfsson, Ragnar Jónasson.

Einnig sat fundinn Viðar Eggertsson, skrifstofustjóri LEB.

## Dagskrá

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin borin upp og samþykkt allra mættra á fundinum

### 2. Stjórn skiptir með sér verkum

Varaformaður	Drífa Sigfúsdóttir
Gjaldkeri	Valgerður Sigurðardóttir
Ritari	Ingibjörg H Sverrisdóttir
Meðstjórnandi	Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn:

Ásgerður Pálsdóttir  
Ingólfur Hrólfsson  
Ragnar Jónasson

### 3. Nefndaskipan

Umræða um skipun í nefndir og ráð. Ákvörðun tekin eftir nánari skoðun.

### 4. Upplýsingabanki / Vefur

Kynnt var hugmynd varðandi vef með upplýsingabanka sem öll aðildarfélög LEB væru aðilar að. Stjórn veitir formanni umboð til að ræða nánar við eigendur vefsins varðandi verð og rekstrarfyrirkomulag. Frekari upplýsingar munu liggja fyrir á haustdögum.

**5. Fundur fólksins 3. – 4. september 2021**

Áhugi á að taka þátt í fundinum. Kostnaður þarf að liggja fyrir tímanlega fyrir endanlega ákvörðun

**6. Umbúðalausir eldri borgarar**

Þrjár stiklur um umhverfismál sem hafa verið í undirbúningi síðan á síðasta ári er á lokametrinum og verða sýndar opinberlega innan tíðar. Þar koma fram atriði sem snúa að eldra fólki og mögulegri þátttöku þeirra í umhverfismálum. Styrktaraðilar eru að þessu verkefni og verið er að leita til fleiri. Stjórn fékk að sjá stiklurnar á lokastigi framleiðslu og gerði góðan róm að.

**7. Önnur mál**

a) Einhverjir erfiðleikar hafa verið í gangi hjá Póstdreifingu ehf, sem samið var við að koma LEB-blaðinu í hendur félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að lagfæringum á því máli sem vonandi leysist farsælega.

b) Ef þingstubbur verður í ágúst gæti það kallað á einhvern undirbúning.

c) Aðgerðarhópurinn hefur fundað með forstjóra Hrafnistu og fleiri aðilum um fjölbreyttara búsetu úrræði eins og millistig milli heimilis og hjúkrunarheimilis. Sú hugmyndafræði hefur verið að fá mjög góðar undirtektir og áfram mun hópurinn halda að ná fundum með aðilum sem starfa við og koma að umönnunarmálum aldraðra.

Fundi slitið kl. 13.00

Fundarritari: Ingibjörg H. Sverrisdóttir

*Hilpa Petrusson*  
*Ingibjörg H. Sverrisdóttir*  
*Nalgeistur Sigurdardóttir*  
*Ragnur Jónsson*  
*Þorbjörn Auðunsson*